

9. fundur skólanefndar kjörtímabilið 2018-2022 v/grunnskóla haldinn

30. janúar 2020 kl. 13.00

MÆTT: Elsa Ingjaldsdóttir (H), formaður, Hanna Björk Grétarsdóttir (D og óháðir) og Unnsteinn Eggertsson (H) sem ritaði fundargerð. Einnig sátu fundinn Jóhanna Lilja Arnardóttir, skólastjóri, Steinunn Margrét Larsen, aðstoðarskólastjóri, Margrét Guðmundsdóttir, fulltrúi starfsfólks og Einar Bjarnason og Sigurður Unnar Sigurðsson fulltrúar Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Freyja Þorkeldsdóttir, fulltrúi foreldraráðs, boðaði forföll.

FUNDARSTAÐUR: FLÚÐASKÓLI, FUNDARHERBERGI 2. HÆÐ

Dagsskrá:

1. Skólanámsskrá
2. Gátlisti fyrir skólanefnd - Lagalegar skyldur töluliðir 1 og 2.
3. Til kynningar/upplýsinga
 1. Lykiltölur um leik- og grunnskóla eftir sveitarfélögum vegna rekstrarársins 2018
 2. Fundarboð Sambands sveitarfélaga um skólamál
 3. Leiðbeiningar til sveitarfélaga v/skólaaksturs
 4. Ný umferðarlög og áhrif á skólastarfið
 5. Áhrif nýrra laga nr. 95/2019 á kennara og skólastjórnendur
 6. Upplýsingagjöf Sambandsins vegna gildistöku laga nr. 95/2019
4. Viðurkenning Flúðaskóla
5. Ný mál tekin fyrir á næsta fundi

Formaður setti fund, bauð fundarfólk velkomið og óskaði eftir athugasemdum við útsent fundarboð og dagskrá. Engar athugasemdir voru gerðar og gengið var til dagskrár.

1. Skólanámsskrá

Skólastjórnendur fóru yfir skólanámsskrá Flúðaskóla 2019-2020. Formaður benti á að orðið „hreyfing“ verði sett inn í skrána til samræmis við vefútgáfu skólareglna og einnig vantar að setja inn skipurit skólans með myndrænum hætti. Skólanefnd samþykkir skólanámsskrána.

2. Gátlisti fyrir skólanefnd – Lagalegar skyldur töluliðir 1 og 2.

Formaður fór yfir töluliðina í gátlistanum, þar sem spurt er um lagalegar skyldur skólanefndar.

1. Fylgist skólanefnd með því að öll börn á aldrinum 6-16 ára í sveitar- félaginu njóti skólavistar/lögbundinnar fræðslu? (Gr. 5. og 6.). Svar: Já, eftir fremsta megni í gegnum rafræna stjórnsýslu með tengingu lögheimilisskráningar og Mentor. Formanni falið að skoða málið nánar með skrifstofu sveitarfélagsins, í samræmi við umræður á fundinum.

2. Stuðlar skólanefndin að gagnvirku samstarfi leik- og grunnskóla í sveitarfélaginu? (Gr. 5. og 6.). Svar: Já, sbr. lið nr. 6.2.1 í Skólanámsskrá Flúðaskóla.

2. Stuðlar skólanefndin að gagnvirku samstarfi grunn- og framhaldsskóla?. Svar: Já, sbr. svar sambærilegri spurningu í fundargerð nefndarinnar frá 31. október sl.

Hrunamannahreppur

HBK

MG

SUS.
JML

JLA
JLB

[Handwritten signature]

[Handwritten signature]

3. Til kynningar/upplýsinga

1. Lykiltölur um leik- og grunnskóla eftir sveitarfélögum vegna rekstrarársins 2018
2. Fundarboð Sambands sveitarfélaga um skólamál
3. Leiðbeiningar til sveitarfélaga v/skólaaksturs
4. Ný umferðarlög og áhrif á skólastarfið
5. Áhrif nýrra laga nr. 95/2019 á kennara og skólastjórnendur
6. Upplýsingagjöf Sambandsins vegna gildistöku laga nr. 95/2019

Formaður lagði ofangreinda liði, 1. til og með 6., fram til kynningar og umræðu.

4. Viðurkenning Flúðaskóla

SASS (Samtök sveitarfélaga á Suðurlandi) veita ár hvert viðurkenningu fyrir framúrskarandi árangur á sviði menntunar.

Í ár var það Flúðaskóli sem hlaut verðlaunin fyrir leiklistastarf, en innan skólans hafa kennarar, nemendur og aðrir starfsmenn, lagt mikla vinnu og tíma í framkvæmd og umgjörð árhátíðar skólans ár hvert. Verðlaunin eru þannig í senn viðurkenning og hvatning til frekari dáða.

Þetta er í annað sinn sem skólanum hlotnast þessi viðurkenning, því fyrir 10 árum síðan hlaut skólinn viðurkenningu fyrir verkefni „Lesið í skóginn“.

Skólanefnd lýsir yfir mikilli ánægju með verðlaunin og óskar verðlaunahöfum innilega til hamingju.

5. Ný mál tekin fyrir á næsta fundi

a) Gátlisti, spurningar nr. 3 og nr. 10.

Næsti fundur ákveðinn 12. mars kl. 13.00 . Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13.40.

Johanna dýpa Arnard.
Guinnur Björnsson
Margrét Guðmundsd.
Hanna Þrótt Guðlaug
Sigrún K. Þó
Sigrún K. Þó